

## **Alþjóðlega vottað nám í bifreiðasmíði / réttingum og bílamálun í boði við VMA.**

### **Tækninám**

Nútíma bifreiðar eru hátæknivara. Framleiðendur gera miklar kröfur til þeirra fagmanna sem þjónusta bifreiðar og til þeirra sem gera við skemmdir þeim. **Ef bifreið skemmist í árekstri þarf að vera hægt að gera hana jafn örugga og hún var áður en hún skemmdist.**

Þetta kallar á að verkstæði vinni nákvæmlega eftir leiðbeiningum framleiðanda. Verkstæðin þurfa þess vegna að geta fengið vel menntaða og þjálfaða fagmenn. Staðan á Norðurlandi virðist sú að það vantar starfsmenn með menntun á þessum sviðum.

**VMA mun bjóða nám í bifreiðasmíði / réttingum og bílamálun** sem ætlað er að standast alþjóðlegar kröfur. Ætlunin er að fara af stað með námið 2014. [www.vma.is](http://www.vma.is)

### **Inntökuskilyrði eru að hafa að baki nám í bifvélavirkjun eða sambærilegt nám.**

Þannig er byggt á því að nemendur hafi lokið þeim fögum sem eru sameiginleg í námi í bifvélavirkjun, bifreiðasmíði og bílamálun. Einnig er ætlast til að nemendur hafi þjálfun í vinnu á verkstæði við bifvélavirkjun til að tryggj sé að þeir kunni að umgangast alla hluti bifreiða sem þarf að skoða og gera við vegna tjóna á bifreiðum.

### **Fyrirkomulag námsins:**

Tvær annir verða kenndar í VMA í seinnipartsnámi og á laugardögum.

Þriðja önnin felst í þjálfun og verkefnavinnu á ýmsum verkstæðum sem hafa tæki og aðstöðu til réttinga og bílamálunar.

Fjórdða önnin felst í 10 – 12 vikna námi í Teknisk Skole Silkeborg í Danmörku. Þar verða teknir síðustu áfangarnir í bifreiðasmíði og bílamálun í alþjóðlegu umhverfi og við bestu aðstæður. Þessi skóli hefur getið sér mjög gott orð fyrir námið á alþjóðlegum markaði.

[www.tss.dk](http://www.tss.dk)

Hér er að finna skjal með áætlaðri röð áfanga á annir:

[http://workmentor.vma.is/wiki/images/a/a5/Bifrsmbilamalun\\_Rod\\_afanga\\_br.pdf](http://workmentor.vma.is/wiki/images/a/a5/Bifrsmbilamalun_Rod_afanga_br.pdf)

**Námið mun ekki kosta nemendur umfram það sem má telja eðlileg efnisgjöld og innritunargjöld.** Reikna má með því að nemendur geti að mestu leyti stundað vinnu með fyrri hluta námsins. Sá hluti verður alveg staðbundinn á Akureyri.

Tillaga að fyrirkomulagi fyrstu annarinnar:

[http://workmentor.vma.is/wiki/images/e/e1/Haust2013\\_skoladagatal\\_bifreidasmidi\\_og\\_bilamalun.pdf](http://workmentor.vma.is/wiki/images/e/e1/Haust2013_skoladagatal_bifreidasmidi_og_bilamalun.pdf)

### **Upplýsingar**

Þeir sem vilja sækja um námið eða fá meiri upplýsingar eru beðnir að hafa samband við Baldvin Ringsted kennslustjóra tæknisviðs í VMA. [baldvin@vma.is](mailto:baldvin@vma.is) 464 0300

Mikilvægt er að verkstæði sem vilja skoða möguleika sinna starfsmanna á náminu gefi sig fram sem fyrst svo hægt verði að koma og kynna námið og ræða um hagnýta hluti varðandi það.

**Þeir starfsmenn sem hafa mikla reynslu geta fengið suma hluta námsins metna. Allt slíkt verður skoðað fyrir hvern og einn nemanda.**

VMA í janúar 2014.